

AUGLÝSING

um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónlistarskóla Rangæinga.

Með vísan til 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónlistarskóla Rangæinga, sem samþykkt var af sveitarstjórn Rangárþings ytra, ódagsett, og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 26. mars 2009.

Katrín Jakobsdóttir.

Halldór Arnason.

Fylgiskjal.

Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Rangæinga.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Rangæinga. Starfssvæði hans er Rangárvallasýsla. Skólastarfið fer fram í hinum einstöku sveitarfélögum eftir því sem nemendafjöldi gefur tilefni til og ástæður leyfa. Sveitarfélögin sjá skólanum fyrir húsnæði til kennslunnar hvert á sínum stað án þess að greiðsla komi fyrir.

2. gr.

Markmiðið með rekstri skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og stuðla að eflingu söngs og tónlistarstarfs í héraðinu.

3. gr.

Sveitarfélögin í Rangárvallasýslu reka skólann í sameiningu.

4. gr.

Héraðsnefnd Rangæinga fer með æðstu stjórn skólans. Hún kýs þriggja manna skólanefnd og jafnmarga til vara. Skólanefnd skiptir með sér verkum, kýs sér formann, varaformann og ritara. Einnig kýs héraðsnefnd tvo endurskoðendur og tvo til vara. Kjörtímabil skólanefndar og endurskoðenda er sama og héraðsnefndar.

5. gr.

Skólanefnd fer með málefni skólans á milli funda héraðsnefndar. Hún ræður skólastjóra í samráði við héraðsnefnd. Skólastjóri ræður kennara í samráði við skólanefnd. Héraðsnefnd getur falið utanaðkomandi aðila að sjá um bókhald og fjármálalega framkvæmdastjórn skólans, að öðru leyti fer skólastjóri með daglega stjórnun skólans og skal hann hafa samráð við skólanefnd um allar meiri háttar ákvarðanir. Skólastjóri og fulltrúi kennara hafa rétt til setu á skólanefndarfundum og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Kennarar skili skólastjóra skýrslu um kennslu sína mánaðarlega.

6. gr.

Héraðsnefnd ákveður hámark kennslustunda fyrir hvert skólaár og skal það gert ekki seinna en 30. júní.

7. gr.

Nemendur Tónlistarskólans greiði nemendagjöld sem skólanefnd ákveður á hverjum tíma. Þau skulu greiðast áður en kennsla hefst á hverri önn. Annan rekstrarkostnað skólans greiða aðildar-

sveitarfélögin á þann hátt að 40% kostnaðarins greiðist í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember næst á undan, en 60% kostnaðarins greiðist í hlutfalli við nemendafjölda sveitarfélaganna, þannig að tveir ½ tímar reiknast einn og samkensla tveggja eða fleiri nemenda reiknast hlutfallslega á sama hátt. Séu greiðslur til skólans ekki inntar af hendi á tilskyldum tíma reiknast dráttarvextir á skuldina.

8. gr.

Reikningsár Tónlistarskóla Rangæinga er almanaksárið. Skólanefnd gerir frumvarp að fjárhagsáætlun og leggur fyrir héraðsnefnd, en fjárhagsáætlun skal afgreidd á vetrarfundi.

9. gr.

Sveitarsjóðir aðildarfélaganna bera einfalda ábyrgð á skuldbindingu skólans en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu samkvæmt ákvæðum 98. gr. sveitarstjórnarlaga.

10. gr.

Ársreikningar skólans skulu lagðir fyrir fund héraðsnefndar eigi síðar en á vorfundi.

11. gr.

Nemendatónleikar skulu haldnir í lok hvers skólaárs og oftast ef skólastjóra þykir ástæða til.

12. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi þegar héraðsnefnd Rangæinga hefur samþykkt hana með $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða.